

3. fundur skólaráðs skólaárið 2021-2022 - 16. mars 2022 kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Svala Fanney Njálsdóttir, Heiða Björk Pétursdóttir, Birgir Már Birgisson, Elmar Ingi Gunnþórsson og Ólína Helga Sigþórsdóttir

Hólmfríður Björnsdóttir, Hermann Gunnar Jónsson og Sigurður Baldur Þorsteinsson voru fjarverandi.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Svala Fanney Njálsdóttir

1. Olweusaráætlunin gegn einelti

Covid hefur sett sinn svip á þessi mál eins og önnur og því ekki haldnir foreldrafundir.

Könnun lögð fyrir sem kemur svipað út eins og áður, ekkert sem kemur á óvart þar. Heilt yfir ágætar niðurstöður en ákveðnir hlutir sem þarf að huga að. Skv. könnun foreldrapúl síns þá eru foreldrar heilt yfir ánægðir með eineltisáætlunina.

2. Skólapúl sínn - foreldrakönnun

Könnun lögð fyrir öll heimili og við erum á svipuðu róli og aðrir skólar að flestu leyti en kom skýrt fram að foreldrar hafa áhyggjur af agamálum. Ekkert sem kemur á óvart og ljóst að þarf að vinna með. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi undir meðaltali en þó mikil ánægja með samskipti við kennara og skóla sem rímar ekki alveg saman. Spurning hvort að taka eigi upp vikupósta. Mikil ánægja með mótuneyti, skólabraginn, samskipti nemenda þvert á aldur og fleira. Óánægja með leiksvæðið. Niðurstöðurnar verða nýttar til að leita úrbóta.

3. Hvernig hefur skólaárið gengið

Heilt yfir nokkuð þungt skólaár, covid íþyngjandi og mikil vinna í tengslum við agamál.

Fulltrúar nemenda láta vel af sér og segja að það sé góð stemning í nemendahópnum.

a. Teymiskennsla / teymisvinna

Heilt yfir gengið vel og almenn ánægja með þá breytingu að taka upp teymiskennslu/teymisvinnu. Auðvitað þarf að sníða vankanta af ýmsu en reiknað er með að halda þessu áfram. Mesta áskorunin er með yngsta stigið þar sem aldursbilið er breiðast. Það þarf að sníða kennsluna að því og hafa meiri aldurs- og getuskiptingu í þeim hóp til að mæta þörfum allra vel. Teymiskennslan á einmitt að geta boðið upp á þennan sveigjanleika að mati skólastjóra.

b. Morgunstundin - hreyfing og lestur

Fulltrúar nemenda eru mjög ánægðir með þetta skipulag en óska eftir meiri fjölbreytni eins og var fyrir covid, eins og t.d. dans. Tala líka um að fá lengri hreyfistund á móti lestrinum.

c. Matarmál, morgunmatur etc.

Fulltrúar nemenda eru afar ánægðir með morgunmatinn en óska eftir að fá einstaka sinnum sérstaklega góðan morgunmat eins og egg, beikon og pönnukökur. Meirihluti nemenda borðar vel í morgunmat, annaðhvort graut eða ávexti. Matur á föstudögum hefur almennt mælst vel fyrir en sumir sem sakna þess að hafa ekki nesti á föstudögum og að vera búin fyrir þá daga.

d. 80 mín lotur, allir dagar til 14 (yngsta stig með 35 kennslustundir)

Fulltrúar nemenda tala um að tíminn nýtist betur með þessu skipulagi og er talað um að ánægja sé með það á unglinga- og miðstigi. Það er ekki eins mikið úthald hjá nemendum á yngsta stigi en þar þarf gott skipulag og reglulegt uppbrot í þetta löngum kennslulotum.

e. Valgreinarnar

Talað um að það þyrfti að aldurskipta valinu meira, til dæmis í skólahreystinu. Annars ánægja með þær greinar sem voru í boði.

4. Drög að skóladagatali og hópaskiptingu

Mjög keimlíkt dagatal og það sem er á þessu skólaári. Almenn ánægja með vetrarfrí þó að margir hafi eytt því í covid. Kennarar stefna á námsferð sem átti að fara nú í vor og yrði það í vetrarfríinu. Starfsdagur og foreldraviðtöl eru sett í sömu viku og vetrarfrí. Á dagatalinu eru 180 nemendadagar og er það samþykkt af skólaráði án athugasemda.

5. Skólahúsnæði og skólalóð, öryggi, aðbúnaður o..s.frv.

a. Forstofa og snyrtingar á efri hæð

Farið verður í forstofu og salerni á efri hæð í vor, öllu mokað út og skipulagi breytt. Stórt salerni fyrir fatlaða og þrjú lokuð ókyngreind salerni.

b. Skólalóðin

Vegna framkvæmda inni verður ekki farið í skólalóðina enn um sinn.

6. Önnur mál

a. Tölvu- og tækjamál

Búið er að kaupa iPad og lyklaborð fyrir miðstig fyrir styrk frá Gjögri svo nú ættu allir nemendur að vera komnir með tæki og skólinn orðinn 1:1 skóli. Planið er þá að yngsta stig sé með iPad, miðstig með iPad með lyklaborði og efsta stig með fartölvur. Við erum þá ágætlega stödd og tækjastaða skólans vel samanburðarhæf við aðra skóla. Mögulega þarf að fara að skoða tækjamál hjá starfsfólki.

Fundi slitið kl.15:00